



399. fundur Þingvallanefndar.

Fundur var haldinn í færeyska herbeginu í Alþingishúsinu þann 22. mars 2013 kl. 12:15. Fundarmenn voru Álfheiður Ingadóttir formaður nefndarinnar, Björgvin G. Sigurðsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Valgerður Bjarnadóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og auk þeirra Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna Sýlvía Sigurgeirsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram Öryggisreglur Siglingastofnunar og Reglur þjóðgarðsins um köfun í þjóðgarðinum sem Þingvallanefnd samþykkti í gegnum tölvupóst í samræmi við umfjöllun á síðasta fundi.
2. Veitingasala í Þjónustumiðstöð á Leirum. Lögð fram tillaga þjóðgarðsvarðar um framlengingu á samningi við Þóru Einarsdóttur til loka árs 2014. Tillagan var samþykkt.
3. Staðarval „nýrrar Valhallar“. Samþykkt að láta meta sjónræna-, sögulega- og tilfinningalega þætti vegna staðarvals Valhallar. Þjóðgarðsverði falin framkvæmd málsins.
4. Framkvæmda- og rekstraráætlun þjóðgarðsins 2013: Framkvæmdafé á árinu 2013 nemur tæplega 100 milljónum króna. Þjóðgarðurinn fékk á fjárlögum 59,5 m kr. af fjárfestingarfé sem ætlað var til friðlýstra staða og þjóðgarða, en það nam samtals 250 m kr. Auk þess fékk þjóðgarðurinn á fjárlögum tæpar 40 m króna til framkvæmda og viðhalds. Áætlun þjóðgarðsvarðar um ráðstöfun þessa fjár var lögð fram og rædd, en stærstu verkefni eru lagfæringar við Öxarárfoss og Drekkingarhyl auk handriða við stíga þar sem þess er þörf. Þingvallanefnd samþykkti áætlunina með þeim fyrirvara að fyrrgreind atriði hafi forgang. Rekstraráætlun var einnig samþykkt. Rekstur þjóðgarðsins verður með svipuðu sniði, sértekjur aukast áfram og þjónusta vex að sama skapi.
5. Umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Umsókn Þingvallanefndar um fjárfestingarframlag til uppbyggingar á Hakinu var synjað með bréfi 1. mars s.l. nema hvað 20 milljóna styrkur fékkst gegn því að þjóðgarðurinn legði fram sömu fjárhæð, krónu á móti krónu. Skýringar sjóðsstjórnar á synjuninni byggja á misskilningi m.a. hvað varðar rauðlistun Umhverfisstofnunar og var þjóðgarðsverði falið að koma leiðréttinum á framfæri, ítreka fyrri umsókn og leita allra leiða til að reyna að fá fjárveitingar til að bæta aðstöðuna á Hakinu.
6. Önnur mál:
 - a. Þjóðgarðsvörður sagði frá áhuga Stjörnusköðunarfélags Seltjarnarness um að nýta aðstöðuna á Þingvöllum til stjörnusköðunar. Þingvallanefnd samþykkti að haldið yrði áfram að vinna með hugmyndina.
 - b. Erindi Harðar Sigurjónssonar um uppsetningu skjaldamerkis Íslands á Þingvöllum. Skjaldarmerkið var á sínum tíma unnið fyrir Alþingi. Ekki var áhugi fyrir því í nefndinni að setja merkið upp í þjóðgarðinum en þjóðgarðsverði falið að hafa samband við skrifstofu Alþingis vegna erindisins.

c. Erindi frá Gullkistunni annarsvegar og Icewise ehf og IcelandReps ehf hinsvegar. Erindin snúast um hvort þjóðgarðurinn vilji leiga rými í Héraðskólanum á Laugarvatni undir aðstöðu til fræðslu og kynningar. Þingvallanefnd er jákvæð gagnvart hugmyndinni en ákveðið var að fresta málinu þar til ljóst er hvaða starfsemi verður í húsinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:55.